

Hóplíftrygging -Íbúðalíf-

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Váttryggingartaki: Sá sem gerir hópváttryggingarsamning við félagið.

Íbúðalán: Lán sem einstaklingar eru með hjá Arion banka hf. með veði í íbúðarhúsnæði.

Hópur: Viðskiptamenn Arion banka hf. á aldrinum 18-55 ára sem taka lán eða eru með lán sbr. skilgreiningu hér að ofan.

Hópváttrygging: Váttrygging sem tekur til aðila í nánar tilteknum hópi.

Váttryggður: Sá sem sótt hefur um váttryggingu með sérstakri váttryggingarbeiðni og er sá aðili sem váttryggingin tekur til.

Váttryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Váttryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

Jafnaðariðgjald: Iðgjald er reiknað af váttryggingarfjárhæð og lengd samnings og helst óbreytt út samningstímann.

Rétthafi: Sá sem váttryggingartaki tilgreinir í váttryggingarbeiðni og á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið.

Aðalgjalddagi: Aðalgjalddagi váttryggingarinnar er einu sinni á ári og er hann 1. mars ár hvert, nema um annað sé samið.

Íbúðalíf: Líftrygging sem er í boði fyrir einstaklinga á aldrinum 18-55 ára sem fengið hafa lán hjá Arion banka hf. sbr. skilgreiningu hér að ofan.

1. GR. INNGANGUR

Váttrygging þessi er hóplíftrygging. Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarbeiðni og önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda varðandi þau atriði sem ekki eru ákvæði um í váttryggingarskilmálum þessum.

2. GR. UM GILDISTÖKU VÁTTRYGGINGARINNAR OG GILDISTÍMA

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

Ábyrgð félagsins hefst á útgáfudegi, þegar það hefur móttekið og samþykkt undirritaða umsókn með nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt reglum félagsins og lánið hefur verið gefið út, nema um annað sé samið.

Váttryggingin gildir frá útgáfudegi, sem tilgreindur er í váttryggingaskírteini, í 15 ár frá gildistöku, þó aldrei lengur en til 60 ára aldurs váttryggðs. Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára.

Váttryggður hefur 30 daga iðrunarfrest til að segja váttryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

2.1 GILDISSVIÐ

Váttryggingin greiðir bætur vegna andláts af völdum slyss eða sjúkdóms váttryggðs, sem á sér stað á gildistíma váttryggingarinnar sbr. þó 7. gr.

3. GR. GREIÐSLA IÐGJALDS

Fyrsta iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga við gildistöku váttryggingarinnar, sbr. 2. gr. Endurnýjunariðgjald fellur í gjalddaga á endurnýjunardegi váttryggingarinnar. Iðgjöld skulu greidd á gjalddaga. Greiðslufrestur er minnst 30 dagar frá því að félagið

sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingarsamningi með skriflegri tilkynningu ef iðgjald hefur ekki verið greitt 30 dögum eftir gjalddaga. Í því tilviki skal váttryggður hafa 14 sólarhringa frest til þess að greiða ógreitt iðgjald, en að öðrum kosti fellur tryggingin úr gildi, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga skal váttryggður greiða dráttarvexti af iðgjaldi í vanskilum, og allan vanskilakostnað sem af vanefndum hans hljótask, þ.m.t. kostnað vegna vanefndatilkynninga og lögfræðinnheimtu.

Hafi ábyrgð félagsins samkvæmt váttryggingarsamningnum fallið niður vegna vangoldinna iðgjalda en iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið skemmsta, getur váttryggður endurvakið váttrygginguna á grundvelli 97. gr. laga nr. 30/2004 eða innan þriggja mánaða frá því frestur skv. 96. gr. rennur út.

4. GR. HEIMILD VÁTTRYGGINGARTAKA TIL UPPSAGNAR Á VÁTTRYGGINGUNNI

Váttryggður getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.

Váttryggður skal greiða iðgjald fyrir það tímabil sem félagið ber ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.

5. GR. BÓTAGREIÐSLUR SAMKVÆMT VÁTTRYGGINGAR-SAMNINGNUM

Við andlát váttryggðs greiðist sú váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi skv. váttryggingarskírteini, tilkynningu um aðalgjalddaga og skilmálum þessum. Váttryggingin er eingreiðsluváttrygging og við greiðslu bóta fellur hún úr gildi.

Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

6. GR. RÉTTHAFI VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR

Hafi váttryggður ekki tilnefnt rétthafa váttryggingarfjárhæðar á váttryggingarbeiðni gilda ákvæði XV. kafla laga nr. 30/2004.

7. GR. TAKMARKANIR Á ÁBYRGÐ FÉLAGSINS

Félagið greiðir ekki bætur fyrstu fimm ár samningstímans ef váttryggður hefur verið, fyrir aðild hans að þessari tryggingu, greindur með sjúkdóm eða fengið meðhöndlun við sjúkdómi sem leiðir til andláts hans á váttryggingartímabilinu.

Svipti váttryggður sig lífi innan árs frá gildistöku váttryggingarinnar, er félagið laust úr ábyrgð.

8. GR. IÐGJALDABREYTINGAR OG RÉTTUR TIL BREYTINGA Á SKILMÁLUM

Félagið áskilur sér rétt til að breyta skilmálum váttryggingarinnar á váttryggingartímanum, sbr. 133. gr. laga nr. 30/2004.

9. GR. VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐ OG IÐGJALD

Váttryggingarfjárhæð er tilgreind í váttryggingarskírteini og tilkynningu um aðalgjalddaga. Váttryggingarfjárhæðin er föst fjárhæð, valin af váttryggðum og kemur fram á váttryggingarbeiðni.

10. GR. FYRNING

Um fyrningu bótakrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Aðrar kröfur sem tengjast váttryggingarsamningi, svo sem krafa um iðgjald, fyrnast eftir hinum almennu reglum laga um fyrningu kröfurettinda nr. 150/2007.

11. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefnd þessa og starfshætti veitir Fjármálaeftirlitið.

Þjónusta nefndarinnar eða málskot til hennar skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

12. GR. FRESTUR TIL LÖGFRÆDILEGRA AÐGERÐA

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem telur sig eiga rétt til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. laga nr. 30/2004 innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu, sbr. 124. gr. laganna.

13. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem rísa kunna vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

14. GR. FRAMHALDSTRYGGING

Þegar hóplíftryggingu lýkur vegna atvika er tilgreind eru í 2. mgr. 15. gr. skilmála þessara, eiga þáttakendur í hópnum, hver um sig rétt á nýrri líftryggingu án heilsufarsyfirlýsingar. Samkvæmt lögum skal félagið upplýsa váttryggðan um þennan rétt sinn. Váttryggingarfjárhæð nýrrar váttryggingar getur þó aldrei orðið hærri en fjárhæð þeirrar váttryggingar sem í gildi var. Lögjald nýrrar líftryggingar reiknast samkvæmt gjaldskrá félagsins fyrir einstaklingsbundnar líftryggingar.

Beiðni um framhaldstryggingu skal vera skrifleg. Réttur til hennar fellur úr gildi þremur mánuðum eftir að ábyrgð félagsins hefur fallið niður.

15. GR. LOK VÁTTRYGGINGAR

Váttrygging einstakra aðila fellur úr gildi við greiðslu bóta sbr. 5. gr.

Váttryggingin fellur niður við uppsögn skv. 4. gr. Ennfremur fellur váttryggingin úr gildi ef:

- Váttryggður fellur úr hópnum t.d. vegna uppgreiðslu láns.
- Breyting verður á skuldara lánsins.
- Hópváttryggingarsamningur félagsins og váttryggingar-taka fellur úr gildi.

Falli váttrygging úr gildi af öðrum orsökum en við bótagreiðslu er verðmæti hennar ekkert.

Skilmálar nr. HL1067
Gilda frá og með 01.04.2014